




Reykjavík, 27. janúar 2026
USK25090388

Holtavegur 11 – Byggingarleyfisumsókn

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. október 2025 þar sem sótt er um breytingu rimla auglýsingaskilti í stafrænt auglýsingaskilti, á borgarlandi á lóð nr.11 við Holtaveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. janúar 2026.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd tekin af já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin við Holtaveg 11 borgarhluta 4. Laugardalur og er verslunar- og þjónustusvæði VP33 – Holtavegur-Kleppsvegur-Hólmasund.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPulag: Í gildi er deiliskipulag Þróttarsvæðis við Holtaveg, samþykkt í borgarráði 27. október 1998 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á byggingarleyfisumsókn þar sem sótt er um breytingu rimla auglýsingaskilti í stafrænt auglýsingaskilti, á borgarlandi á lóð nr.11 við Holtaveg.

Um ræðir þrískipt flettiskilti sem stendur á borgarlandi á horni Holtavegs og Sæbrautar. Skv. aðaluppdráttum sem samþykktir voru hjá fundi byggingarnefndar þann 15. ágúst 1991, samanstandur mannvirkið af 3 auglýsingaflötum sem festir eru við ~ 8,26 metra hátt mastur. Hver auglýsingaflötur 4,26 metrar á hæð og 6,4 metrar á breidd, samtals ~ 27 m².

Í kafla 4.3.7 í samþykkt um skilti í Reykjavík segir m.a. um stafræn skilti á miðsvæðum og þjónustukjörnum:

Stafræn skilti með ljósmyndum, kyrrum auglýsingum sem skiptast á (þjónustuskilti og auglýsingaskilti) eru heimiluð, en skulu fylgja almennum ákvæðum um birtustig og hreyfingu. Hámarksstærð 0,5m².

Í samþykkt um skilti í Reykjavík er stærð skilta skilgreind á eftirfarandi hátt í kafla 1.4. Skilgreiningar um skilti:



Reykjavík



Heildarumfang auglýsinga, þ.e heildarbreidd, heildarstærð o.s.frv. Með festingum.

Þar sem umrætt flettiskilti á horni Holtavegs og Sæbrautar er þrískipt er skilgreind stærð þess ~100 m².

Í kafla 3.6. *stafræn auglýsingaskilti m. hreyfimyndum í samþykkt um skilti í Reykjavík* segir m.a.:

Leyfilegt er að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti sem eru stærri en 10m² ef að fyrir sé sambærilegt skilti s.s. fléttiskilti, eða ef deiliskipulag heimili slík skilti. Slík skilti mega þó ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísu og öðrum umferðarbúnaði en 20m. Byggingarfulltrúa er heimilað að veita undanþágu frá þeirri reglu ef um er að ræða skóla, íþróttafélög eða aðrar sambærilegar stofnanir en þau skilti skulu fylgja reglum þessarar samþykktar.

Deiliskipulag Próttarsvæðis, samþykkt í borgarráði 27. október 1998 ásamt síðari breytingum, gerir ekki grein fyrir auglýsingaskilti á borgarlandi við gatnamót Holtavegar og Sæbrautar og því skal farið eftir ákvæðum í aðalskipulagi, samþykkt um skilti í Reykjavík og vegalögum.

Í vegalögum 80/2007 segir m.a. í 32. gr. *Fjarlægð mannvirkja frá vegi.*:

Óheimilt er að reisa mannvirki nema með leyfi veghaldara við vegamót vega skv. 1. mgr. á svæði sem takmarkast af beinum línun milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Veghaldari getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.

Skiltið er innan 20 metra frá brún akbrautar og innan svæðis sem afmarkast af beinum línun milli punkta á miðlínu vega 150 metra frá skurðpunkti þeirra.

Niðurstaða

- Neikvæð umsögn skipulagsfulltrúa. Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við að veitt verði byggingarleyfi fyrir breytingu rimla auglýsingaskilti í stafrænt auglýsingaskilti á horni Sæbrautar og Holtavegar. Stærð stafræns auglýsingaskiltis og fjarlægð frá brún akbrauta samræmist ekki samþykkt um skilti í Reykjavík eða vegalögum.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Jarprúður Iða Másdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík